

## GÓÐ RÁÐ TIL AÐ SPYRJA OPINNA SPURNINGA

Barn getur æft sig í nota tungumálið sitt með samtali við foreldra sína.  
Gott ráð til að hefja samtal við barnið þitt er að spyrja opinna spurninga.

Með opnum spurningum er átt við spurningar sem barnið þitt svarar ekki bara með já, eða nei.

Það sem skiptir máli er að fá barnið þitt til að segja frá leik, upplifun o.s.frv.

### TILLÖGUR AÐ OPNUM SPURNINGUM:

- Hvað varst þú að leika þér í dag?
- Við hverja varst þú að leika?
- Hvað var skemmtilegt þegar þú varst að leika úti?

**Hlustaðu vandlega og gefðu barninu þínu tíma til að svara.  
Sýndu áhuga á svörum barnsins þíns og spurðu það nánar:**

- Hvað gerðir þú þá?
- Hvað gerðist svo?

### RÁÐ:

Horfðu á myndband um opnar spurningar á [Tungumál er gjöf](#)


# HVAÐ GERÐIR ÞÚ Í DAG?

Allir í fjölskyldunni sitja umhverfis borð og hafa spurningarblaðið í miðjunni.

Lesið spurningarnar upphátt. Skiptist á að svara spurningunum.

Teiknið eða skrifið svörin ykkar.

Tímalengd u.þ.b. 15 mín.



# SAMRÆÐUR Í DAGSINS ÖNN

Pú getur örvað tungumál barnsins þíns í mörgum aðstæðum sem upp koma í dagsins önn. Með því að tala um reynslu ykkar og það sem þið eruð að gera æfist barnið í að tala tungumálið.

Þið getið stuðst við regluna: Á undan- á meðan- á eftir.

Á UNÐAN	Á MEÐAN	Á EFTIR
<p><b>BARNAEFNI Í SJÓNVARPI</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Á hvað ætlar þú að horfa í barnaefninu?</li> <li>- Hverjir eru í því</li> <li>- Hvað var skemmtilegt síðast þegar við horfðum á barnaefnið í sjónvarpinu?</li> </ul>	<p>Horfið á barnaefnið í sjónvarpinu. Talið um það sem þið sjáið</p>	<p>Manstu þegar ...</p>
<p><b>MÁLTÍÐIR</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Hvað eigum við að hafa í matinn í kvöld?</li> <li>- Hvað þurfum við að nota til að búa það til?</li> </ul>	<p>Meðan þið eldið matinn: Talið um það sem þið eruð að gera, hvað matvörur og verkfæri þið notið. Þegar þið notið uppskriftabækur eða uppskriftir af netinu æfist barnið í að skoða ritmál og stafi.</p>	<p>Meðan þið borðið: Talið um hvaða hráefni þið notuðu í matinn, hvað þið gerður og hvernig maturinn bragðast.</p>
<p><b>INNKAUP</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Talið um hvað þið ætlið að kaupa. Þegar þið skrifið innkaupalista æfist barnið í að skoða ritmál og stafi.</li> </ul>	<p>Talið um það sem þið setjið í innkaupakerruna</p>	<p>Talið um það sem þið hafið keypt og setjið það á sinn stað í ísskápnum eða annarsstaðar.</p>
<p><b>LEIKUR Á LEIKVELLINUM</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Talið um hvað þið ætlið að gera á leikvellinum og hvað var skemmtilegt síðast þegar þið voruð þar</li> </ul>	<p>Leikið og talið um það sem þið eruð að leika</p>	<p>Talið um það sem þið gerðuð á leikvellinum og það sem var skemmtilegt.</p>
<p><b>FÖT</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Talið um í hvaða fót barnið þitt á að fara</li> </ul>	<p>Talið um fötin meðan barnið klæðir sig</p>	<p>Talið um fötin á leiðinni á leikskólann</p>